

Alþingi
Erindi nr. B 139/2810
komudagur 29.5.2011

Umsögn um frumvarp til laga um barnalög, 778. mál

Umsagnaraðili er Félag sérfræðinga í klínískri sálfræði

Félag sérfræðinga í klínískri sálfræði hefur fjallað um ofangreint frumvarp og lýsir sérstakri ánægju með þær breytingar sem ráðgerðar eru á barnalögum þar sem barnið er sett í brennidepil.

Út frá sérfræðipækkingu á málefnum barna og fullorðinna og áratuga reynslu í málaflokknum þykir undirrituðum að frumvarpið myndi þjóna hagsmunum barna og foreldra enn betur verði tekið tillit til neðangreindra athugasemda:

5. gr. Álmennt um inntak sameiginlegrar forsjár.

Ný upphafsmálgrein bætist við 5. gr. og skal vera svohljóðandi: Foreldrar skulu einungis fara sameiginlega með forsjá þegar sýnt þykir að þeir geti haft samvinnu og átakalaus samskipti um hvað barni er fyrir bestu. Foreldrum skal ætíð standa til boða sálfræðileg ráðgjöf þegar þeir eru í vafa um hvort sameiginleg forsjá sé besta fyrirkomulagið fyrir barnið eða ekki.


12. gr. Sáttameðferð.


Aftan við 2. málsgrein og skal koma inn ný málsgrein og vera svohljóðandi: Sýslumaður skal bjóða aðilum forsjár-, umgengnis- og dagsektarmála sáttameðferð en aðilar geta einnig leitað til annarra sem hafa sérfræðipækkingu í sáttameðferð og málefnum barna. Sjálfstætt starfandi sálfræðingar veiti slíka meðferð.

13. gr. Dómur um forsjá barns.

Fella skal niður 5. málsgrein „Eigi verður mælt fyrir um sameiginlega forsjá barns með dómi, en foreldrar geta með dómsátt ákveðið að forsjáin verði sameiginleg“ og í staðinn komi: Dómari getur í undantekningartilfellum mælt fyrir um sameiginlega forsjá. Mat dómara skal byggja á því að þær aðstæður séu fyrir hendi að sameiginleg forsjá þjóni hagsmunum barns best. Hér lítur dómari til hæfis foreldra, tengsla foreldra og barns og að sýnt þyki að foreldrar geti sinnt forsjárskyldum sínum af ábyrgð og alúð og haft samvinnu um hvað barninu er fyrir bestu. Þegar dómari tekur ákvörðun um sameiginlega forsjá skal hann ætíð hafa sérfróða meðdómsmenn í dómnum, með sálfræðilega þekkingu á börnum og fullorðnum.

Fyrir hönd Félag sérfræðinga í klínískri sálfræði


Guðfinna Eydal, sálfræðingur


Gyða Haraldsdóttir, sálfræðingur